

**Umsögn mannanafnanefndar til allsherjarnefndar Alþingis  
við frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn,  
nr. 45/1996, með síðari breytingum.**

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður og öll ákvæði um hana felld brott úr lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. Lögboðið hlutverk mannanafnanefndar verði flutt til dómsmálaráðherra sem fer með mál er varða mannanöfn, sbr. 27. gr. laganna, og það verði hlutverk hans að skera úr álitamálum sem upp kunna að koma í sambandi við nafngiftir, nafnritun o.fl. Jafnframt verði mannanafnaskrá, sem mannanafnanefnd hefur samið og gefið út, lögð niður. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að markmið þess sé að undirstrika þá meginreglu varðandi nöfn og nafngiftir fólks að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og aðeins sérstakar aðstæður í undantekningartilfellum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt. Slíkar aðstæður geti t.d. verið hreinar nafnleysur eða að ljóst sé að nafn geti orðið nafnbera til ama, sbr. ákvæði núgildandi laga.

Af hálfu mannanafnanefndar er lögð áhersla á að frumvarp þetta breytir í raun engu um möguleika foreldra til að velja börnum sínum nöfn. Öll ákvæði um gerð nafna, beygingu, uppruna og annað sem máli skiptir í núgildandi lögum, standa óhreyfð. Þannig eru meginmarkmið laganna enn í fullu gildi, eða eins og segir í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 45/1996: „... að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafna-síða...“. Þetta má einkum sjá í 5. og 6. gr. laganna. Því verður að gera ráð fyrir að farið verði eftir gildandi lögum í úrskurðum varðandi mannanöfn, hér eftir sem hingað til, hvort sem dómsmálaráðherra kveður þá upp eða mannanafnanefnd. Núverandi skipun mannanafnanefndar á að tryggja nauðsynlega sérfræðipækkingu til að skera úr álitamála- málum varðandi mannanöfn en í nefndinni sitja þrjú menn, einn lögfræðingur og tveir málfræðingar. Hvað varðar mannanafnaskrá hefur nefndin lagt til að skráin verði endurskoðuð og gerð aðgengilegri. Er það mál í biðstöðu vegna frumvarps þessa. Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt og mannanafnaskrá lögð niður verður þó að telja líklegt að dómsmálaráðherra muni samt sem áður hafa einhvers konar skrá til viðmiðunar yfir „heimil nöfn“ sem fullnægja skilyrðum mannanafnalaga, þegar upp koma álita- og ágreiningsefni um mannanöfn. Og ekki er ólíklegt að skrá þessi verði birt eða á annan hátt gerð aðgengileg þeim sem þurfa, þ.e. prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, þjóðskrá og forsjármönnum barna.

Þegar talið berst að mannanafnalögum og úrskurðum mannanafnanefndar virðist það vera útbreiddur misskilningur að nefndin geri lítið annað en að amast út í nöfn sem fólk sækir um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að nefndin hefur ekki leyfi til að hafa smekk, hún á að fara að lögum eins og hvert annað stjórnvald. Mannanafnalög eru sett af Alþingi. Þau eru því ekki á ábyrgð mannanafnanefndar og hún hefur ekki vald til þess að vika frá lögum eða breyta þeim. Það getur einungis Alþingi gert.

Í lögum er að vísu að finna svokallað *amaákvæði*, (3. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr.), en þar segir að nafn megi ekki vera þannig að það geti verið nafnbera til ama. Þau nöfn, sem mannanafnanefnd hefur hafnað á grundvelli amaákvæðisins síðan nefndin var fyrst sett á fót árið 1991, má telja á fingrum annarrar handar enda verður að beita svo matskenndu ákvæði með ítrustu gát. Umsóknir til nefndarinnar eru þó að jafnaði vel yfir hundrað á ári hverju. Yfirleitt er eiginnöfnum hafnað af þeim ástæðum að þau geta ekki tekið eignarfallsendingu, brjóta í bág við íslenskt málkerfi, eru ekki rituð í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls eða hafa ekki áunnið sér hefð. Hvað varðar millinöfn er þeim yfirleitt hafnað af þeim ástæðum að þau taka nefnifallsendingu, eru ekki dregin af íslenskum orðstofnum eða hafa ekki áunnið sér hefð.

Hugtakið *hefð* í mannanafnalögum varðar einkum erlend nöfn frá síðari öldum sem hafa ekki aðlagast almennum ritreglum íslensks máls. Í greinargerð með lögum nr. 45/1996 var talið nauðsynlegt að setja sem skýrastar reglur um hvaða skilyrðum þessi erlendu nöfn þurfi að fullnægja til þess að teljast hafa áunnið sér hefð. Mannanafnanefnd hefur sett sér þannig vinnulagsreglur og eru þær byggðar á eldri reglum sem „... hafa gefist vel...“ eins og segir í fyrrnefndri greinargerð. Þar er miðað við að tiltekinn fjöldi íslenskra ríkisborgara á tilteknum aldri og sem á eða hefur átt lögheimili á Íslandi beri viðkomandi nafn. Vinnulagsreglunum er þannig ætlað að tryggja jafnræði í úrskurðum nefndarinnar og koma þannig í veg fyrir að nefndin láti stjórnast af geðþótta eða smekk. Reglurnar fylgja með umsögn þessari.

Oft vefst fyrir fólk munurinn á eiginnöfnum og millinöfnum en síðarnefnda hugtakið er í mannanafnalögum notað yfir sérstaka tegund nafna sem eru kynlaus og er bæði hægt að gefa drengjum og stúlkum sama millinafnið, t.d. *Mjólfjörð*. Þennan misskilning má t.d. sjá í framsöguræðu Björns Inga Hrafnssonar með frumvarpi þessu. Þar nefnir hann að mannanafnanefnd hafi synjað millinafninu *Múli*. Ástæða synjunarinnar er einföld og í samræmi við skýr ákvæði laganna, nafnið er á mannanafnaskrá sem karlkyns eiginnafn og beygist í nefnifalli og er þ.a.l. óheimilt sem millinafn.

Stundum hefur verið bent á að úrskurðir mannanafnanefndar séu misvísandi; fólk finnst nefndin samþykkja ónefni en hafna góðum og gildum nöfnum. Ástæður þess eru einkum þrjúþættar:

- Nöfn sem ekki fylgja íslenskum rithætti eða málkerfi eru samþykkt á mannanafnaskrá á grundvelli hefðar. Sem dæmi um þetta atriði er karlmannsnafnið *Walter* og kvenmannsnafnið *Nicole*.
- Öðrum sambærilegum nöfnum er hafnað vegna þess að þau teljast ekki hafa áunnið sér hefð. Sem dæmi má *Eugene* og *Arnarsteinn*. Stundum er um að ræða nöfn sem umsækjendur vilja af einhverjum ástæðum skrifa með erlendra stafsetningu, t.d. *Siv* í staðinn fyrir *Sif*.
- Lögin gera hins vegar ráð fyrir að unnt sé að samþykkja hvers konar nöfn (eða ónefni) að því tilskildu að þau séu í samræmi við íslenskt málkerfi og stafsetningu. Samkvæmt því ættu nöfnin *Skunnar* og *Skjarpur* að vera fullgóð nöfn samkvæmt lögum.

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi segir m.a.: „... að núgildandi lög hafa sætt mikilli gagnrýni, einkum hvað varðar mannanafnanefnd og úrskurði hennar...“. Eins og fram hefur komið breytir frumvarp þetta í raun afar litlu í núgildandi lögum um mannanöfn og kemur því ekki að neinu leyti til móts við þessa „miklu“ gagnrýni. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort þessi gagnrýni elgi við einhver rök að styðjast en þó skal bent á að þegar fjölmiðlar greina frá úrskurðum mannanafnanefndar er sjaldan fjallað um ástæður þess að sumum nöfnum er hafnað en önnur samþykkt, þ.e. hvaða forsendur liggi að baki úrskurðum nefndarinnar og við hvaða lagaákvæði er stuðst. Er það miður. Ef frumvarp þetta verður samþykkt er engin ástæða til að ætla annað en að dómsmálaráðherra muni fara að gildandi lögum í þeim málum sem til hans er vísað samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. Og því er grundvallaratriði þetta: „Hver á að taka til meðferðar og afgreiðslu álita- og ágreiningsmál varðandi mannanöfn? Skal það vera sjálfstæð stjórnvísunefnd þriggja sérfræðinga eða dómsmálaráðherra?“

Virðingarfyllst,  
f.h. mannanafnanefndar,

  
Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, formaður

---

#### **Vinnulagsreglur mannanafnanefndar frá 14. nóvember 2006**

Hugtakið **hefð** varðar einkum erlend nöfn frá síðari öldum sem ekki hafa aðlagast almennum ritreglum íslensks máls. Þau eru stundum nefnd ung tókunöfn og koma fyrst fram í íslensku máli árið 1703 þegar manntal á Íslandi var tekið fyrsta sinni.

Túlkun mannanafnanefndar á hugtakinu **hefð** í 5. og 6. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn styðst við eftirfarandi vinnulagsreglur sem nefndin setti sér á fundi 14. nóvember 2006 og sem eru byggðar á greinargerð með frumvarpi að mannanafnalögum og eldri vinnulagsreglum. Reglur þessar öðlast gildi 1. desember 2006.

1. Ungt tókunafn telst hafa unnið sér hefð í íslensku máli ef það fullnægir einhverju eftirfarandi skilyrða:
  - a. Það er nú borið af a.m.k. 15 Íslendingum;
  - b. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri;
  - c. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri;
  - d. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910;
  - e. Það er ekki borið af neinum Íslendingi nú en kemur a.m.k. fyrir í tveimur manntölum frá 1703–1910.
2. Með Íslendingum er átt við þá sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt án umsóknar og eiga eða hafa átt lögheimili á Íslandi.
3. Tókunafn getur verði hefðað, þó að það komi ekki fyrir í manntölum, ef það hefur unnið sér menningarhelgi. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum ritum, frumsömdum og þýddum, í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.